

Hrafnkell Lárusson

Fremur nýta til ljóss en sitja í myrkrinu

Um upplýsingarviðhorf í tveimur greinum Magnúsar Ketilssonar

Árið 1776 komu út hjá prentverkinu í Hrapsey tvö rit eftir Magnús Ketilsson sem höfðu að geyma efni er braut gegn því afdráttarlausu og aldagamla banni sem var gegn nýtingu hrossakjöts. Hrossakjötsát og nýting afurða af hrossum var háalvarlegt, bæði pólitískt og guðfræðilegt, mál fyrir Íslendinga á 18. öld og ljóst að umræða um það myndi vekja titring. Það varð því nokkurt uppnám þegar svo viðkvæmt mál var tekið til umræðu, ekki hvað síst vegna þeirra skoðana sem Magnús Ketilsson setti fram. Hér verður athyglinni þó ekki beint að viðbrögðunum heldur að efni greinanna sem ollu þessum úlfapyt.

Greinarnar sem hér um ræðir nefnast *Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt* (hér kölluð *Hestabit er hagabót*) og *Heiðnir éta hrossakjöt* og mun sú fyrrnefnda hljóta mun meiri athygli enda er hún bæði meiri að vöxtum og efnisinnihaldi en sú síðarnefnda.¹

Árið 1962 skrifaði Gunnar Sveinsson grein í *Skírni* þar sem hann fjallaði um viðhorf Íslendinga til hrossakjötsneyslu í gegnum aldirnar. Í þessari grein Gunnars, sem hér verður að nokkru höfð til hliðsjónar, vék höfundur nokkuð að þætti Magnúsar Ketilssonar varðandi þessi mál. Sú umfjöllun var þó aðeins hluti af stærri mynd sem Gunnar dró upp varðandi viðhorf Íslendinga til hrossakjötsáts. Hér verður reynt að rýna nánar í það sem Magnús hafði fram að færa.

Meginspurningar sem ég set hér fram eru tvær. Í fyrsta lagi: Hvers vegna fór Magnús Ketilsson að hreyfa við hrossakjötsmálinu? Var honum virkilega svo umhugað að menn nýttu hrossaslátrið að hann stofnaði vísvitandi til ritdeilu vegna þess; eða bjó eitthvað annað undir? Í öðru lagi: Voru þær hugmyndir og skoðanir sem Magnús setti fram í þessum tveimur greinum markaðar af upplýsingarstefnunni?

Áður en lengra er haldið tel ég rétt að víkja stuttlega að hugmyndum upplýsingarinnar og rekja síðan í fáum orðum atburði sem varpa ljósi á sögulegan aðdraganda þess sem um verður fjallað.

¹ *Hestabit er hagabót* er 39 blaðsíður, en *Heiðnir éta hrossakjöt* er 22 síður. Báðar eru í 8vo broti.

Í stuttu máli var upplýsingin fremur loðin og teygjanleg hugmyndastefna sem byggði ekki á neinni allsherjar stefnuskrá. Hún er því erfið stefna til að skilgreina, en hefur þó að geyma áhersluþætti sem vert er að drepa á.

Peter Gay, sem ritað hefur mikið um upplýsinguna, leggur áherslu á frelsið sem sterkasta tóninn í stefnunni. Hann minnst einnig á hina þunga áherslu upplýsingarmanna á rétti einstaklinganna og hinn veraldlega heim,² enda lágu margir upplýsingarmenn undir ámæli fyrir trúleysi.

Ingi Sigurðsson hefur fjallað um þá skilgreiningarerfiðleika sem fylgja upplýsingarstefnunni og nefnir hann að aukin áhersla hafi á síðari árum verið lögð á að leita sérkenna stefnunnar í einstökum löndum, fremur en að skilgreina hana í heild.³

Annars er algengt að lýsa upplýsingarstefnunni sem safni hugmynda sem nokkurn veginn megi rúma undir orðunum framfarir og skynsemi.

Viðhorf til neyslu hrossakjöts á síðari hluta 18. aldar

Um miðbik og á síðari hluta 18. aldar voru tíðir harðindakaflar á Íslandi og var einn sá harðasti á árunum 1754-1758. Neyddust þá margir fátæklingar til að neyta hrossakjöts til að seðja hungur sitt þegar enga aðra fæðu var lengur að fá.⁴ En það var neyðarbrauð því ríkjandi viðhorf í samfélaginu, sem mótað var af túlkun á Biblíunni, spyrti saman hrossakjötsát og heiðni og viðhélt almennum viðbjóði á hrossakjötsáti.

Þrátt fyrir augljósa neyð þess fólks sem neytti hrossakjöts í harðindunum var andúðin á neyslu þess svo sterk að margir prestar landsins stukku af stað þegar af spurðist og leituðu til prófesta sem sumir hverjir leituðu á náðir biskupa af sömu ástæðum.

Álit kirkjuyfirvalda virðist þó hafa verið heldur mildara en ýmissa þjóna kirkjunnar. Í bréfi dagsettu 2. janúar 1756 segir Gísli Magnússon, biskup á Hólum, að hann telji hrossakjötsátið ólíðandi að nauðsynjalausu, en vill ekki meina að í því felist nein kristnispjöll. Vandamálið sé hin almenna hneykslun sem af átinu hljótist. Í svipaðan streng tók

² Peter Gay: *The Enlightenment: an interpretation, The Rise of Modern Paganism*, London 1966, s. 3. – Annars er mikill fjöldi yfirlitsrita til um upplýsinguna og væri of langt mál að telja þau upp hér. Þó má benda á að í grein sinni „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi“, sem birtist í greinasafninu *Upplýsingin á Íslandi*, nefnir Ingi Sigurðsson í neðanmálgreinum mörg góð yfirlitsrit um upplýsinguna.

³ Ingi Sigurðsson: „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi“, *Upplýsingin á Íslandi, Tíu ritgerðir*, ritstjóri Ingi Sigurðsson, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1990, s. 10.

⁴ Gunnar Sveinsson: „Rökræður Íslendinga fyrr á öldum um hrossakjötsát“, *Skírnir*, ritstjóri Halldór Halldórsson, Reykjavík 1962, s. 15-16.

Kirkjustjórnarráðið í Kaupmannahöfn árið 1757 þegar það gaf út að neysla hrossakjöts sem neyðarbrauðs væri ekki brot og því ekki refsivert.⁵

Á Alþingi árið 1760 lét Finnur Jónsson biskup í Skálholti gera synodalsréttarsamþykkt þar sem hrossakjötsát var fordæmt nema líf lægi við, en þá sé leyfilegt að éta allt. Væri af brugðið var ekki einungis hótað opinberri áminningu heldur einnig gapastokki. Undir þessa samþykkt skrifuðu, auk Finns biskups, Magnús Gíslason amtmaður og ellefu prestar í Skálholtsbiskupsdæmi. Virðist svo lítt hafa verið um þessi mál getið í fimmtán ár.⁶

Umfjöllun Magnúsar Ketilssonar um hrossakjötsmálið

Árið 1775 hófust að nýju umræður og deilur um hrossakjötsát. En nú var ástæðan ekki sú, að glorsoltnir fátæklingar neyttu þess venju fremur út úr neyð, heldur var það Magnús Ketilsson, sýslumaður Dalamanna, sem hratt skriðunni af stað.⁷

Svo farast Gunnari Sveinssyni orð, í grein í *Skírni* árið 1962, um upphaf þeirra skrifa Magnúsar Ketilssonar sem hér er fjallað um. Gunnar fjallar vítt og breitt um forboðið við neyslu hrossakjöts og sem fyrr greinir kemur Magnús Ketilsson þar nokkuð við sögu.

Það var í grein í marshefti *Íslandske Maanedestidende* árið 1775 sem Magnús setti fyrst fram þá skoðun sína að rétt væri að nýta hrossaslátrið.⁸ Sú grein var skrifuð á dönsku líkt og annað efni þess rits en hún olli þó strax miklum titringi hér innanlands. Greinina gaf Magnús síðan út á íslensku árið 1776, aukna og endurbætta, og nefndist hún þá *Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt*.

Í *Hestabit er hagabót* segist Magnús hafa verið beðinn að skrifa um þetta málefni. Hann segir bændur kvarta yfir of mörgum hrossum í landinu og að þau bítu upp hagana fyrir búsmalanum en éti svo hvert annað í hel að vetrum.⁹ Magnús spyr hvort menn eigi að drepa folöldin til að halda hrossafjöldanum í skefjum en svarar sjálfum sér og segir slíkt vera bæði óþakklæti við guð auk þess sem landsmenn væru óverðugir sínu föðurlandi færu þeir þannig með einn sinn gagnsamasta ávöxt.

⁵ Gunnar Sveinsson: „Rökræður Íslendinga fyrr á öldum um hrossakjötsát”, s. 16 og 20.

⁶ Gunnar Sveinsson: „Rökræður Íslendinga fyrr á öldum um hrossakjötsát”, s. 22.

⁷ Gunnar Sveinsson: „Rökræður Íslendinga fyrr á öldum um hrossakjötsát”, s. 22-23.

⁸ *Íslandske Maanedestidende*, 2. árg., mars 1775, Hrappsey 1775, s. 83-96.

⁹ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, *Stutt ágríp um íölu búfjár í haga með litlum viðbætir um hrossaslátur og þess nytsemi, samantekið til reynslu og nota þeim slíkt girnast*, Hrappsey 1776, s. 3.

Til einhverra aðgerða yrði þó að grípa gegn þessum offjölgunarvanda og því spyr Magnús: „Eður á ég að segja að menn skuli éta hestana? Það voga ég ekki, þar af kynni að orsakast upphlaup, þar flestir halda það óleyfilegt, já sumir trúvillu og heiðni að éta hrossakjöt.”¹⁰ Hann lýsir því strax í upphafi að hann sé ekki að hvetja til neyslu á hrossakjöti öðruvísi en sem neyðarbrauði í harðindum. Slátrið af hestunum megi þó nýta án þess að það sé étið!

Magnús virðist ekki telja að hrossakjötsátið sé á nokkurn máta heiðni eða trúvillu. Þó neituðu sumir prestar að taka þá til altaris sem neytt höfðu hrossakjöts án þess að þeir stæðu fyrst opinberar skriftir. Þetta vill Magnús meina að séu hleypidómar og gegn þessari skoðun og öðrum þeim tengdum teflir hann ríflega tíu blaðsíðna langri tilvitnun í mann sem hann nefnir Edax og skrif hans í þýsku riti.

Á Edax þessum segir Magnús engin frekari deili og ekki hefur mér lánast að finna neinn sem til greina kemur sem höfundur og ber þetta nafn eða líkt nafn. Skýringin kann að vera sú að hér sé um að ræða dulnefni enda er latneska orðið Edax þýtt í latnesk-enskri orðabók sem „gluttonous“ sem á íslensku myndi útleggjast sem átvagl!¹¹

Orðræða Edaxar er frá upphafi til enda andóf gegn hjátrú, en einnig ýmiskonar samanburður sem á að sýna lesendum fram á margbreytileika siða milli þjóða þar sem viðurkennd gildi eins séu framandi eða jafnvel viðbjóðsleg í augum annars. Sem dæmi um þetta má nefna að Edax spyr á einum stað hvers vegna menn éti skítug svín en vilji ekki leggja sér til munns hreinlát hross. Hann segir bannið við hrossakjötsáti ekkert annað en gamla hjátrú úr frumkristni, notaða til að greina milli kristinna manna og heiðinna. Það sé hugsunarvilla að hafna einni tegund kjöts án röksemda enda lifi hross ekki „óhreinna“ lífi en hverjir aðrir grasbítar.¹²

Edax snýr sér svo að upptalningu á framandi fæðu sem étin sé með bestu lyst víða, s.s. hundar, skordýr og rottur,¹³ og er að sjá að tilgangurinn með þessu sé, auk þess að greina frá mismunandi siðum milli þjóða og heimshluta, að snúast gegn þeirri hugmynd að einhver forsjón ráði að sumt sé matur en annað ekki.

Það er ljóst af skrifum Edaxar að hann þekkir vel til á Norðurlöndum og nefnir m.a. Ísland og skrif Snorra Sturlusonar í umfjöllun sinni. Vert er og að benda á að Edax virðist þekkja til siða og venja víða í heiminum enda

¹⁰ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 4.

¹¹ *Cassell's Latin – English / English – Latin Dictionary*, 5. útgáfa, London 1990, s. 206.

¹² Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 4-8.

¹³ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 10-15.

er hann óspar á margvíslegustu dæmi úr ýmsum áttum máli sínu til stuðnings.¹⁴

Það er því ekki örgrannt um að læðist að manni sá grunur að Edax sé í raun Magnús Ketilsson sjálfur eða einhver honum tengdur. Slíkar vangaveltur verð ég þó að láta liggja á milli hluta þar sem ég hef ekkert undir höndum sem hvorki sannar né afsannar þá hugmynd mína. Á hinn bóginn má segja að með notkun sinni á þessari tilvitnun sé Magnús að gera þær skoðanir sem Edax setur fram að sínum eigin enda gagnrýnir Magnús ekki skrif Edaxar heldur gerir þau þvert á móti að einni styrkustu stoðinni undir málflutning sinn.

Hvað vakti fyrir Magnúsi?

En í hvað vildi Magnús Ketilsson nýta hrossaslátrið annað en að éta það? Svar hans við þeirri spurningu var að gera ætti úr því ljósflot.

Magnús taldi hrossafloti það helst til tekna að af því væri minni ljósreykur en af lýsi auk þess sem verulegt magn flots mætti fá af hverjum hesti. Af einum hesti fengist flot sem samsvaraði 40 pottum lýsis. Magnús áætlaði síðan verðmæti hvernar tunnu flots og það magn sem falla myndi til á landinu öllu og fann með því út líklegan ávinning af þessari breytni. Með útreikningunum vildi hann sýna fram á að um verulegan ábata væri að ræða enda var niðurstaða hans að fyrir allt landið myndu græðast 6400 ríkisdalir árlega væri farið að hugmyndum hans.

Þó að hagnýtt og efnahagslegt gildi þess að nýta hrossin meir en gert var, hafi verið yfirlýst aðalatriði í málflutningi Magnúsar, virðist sem ýmislegt annað en hagnýtingin vaki fyrir honum.

Það að hefja upp raust sína um svo forboðið efni sem nýtingu á hrossaslátri hefur að líkindum verið tilvalið prófmál fyrir annað málefni sem Magnúsi virðist hafa verið kært – þ.e. frelsi manna til að rita og segja hugsanir sínar. Viðkvæmni margra vegna hrossakjötsátsins hlaut að kalla á sterk viðbrögð og að ýmsir yrðu tilbúnir til að reyna að þagga niður í honum vegna þessa. Þetta er Magnúsi ljóst strax í byrjun. Í *Hestabit er hagabót* skýtur hann föstum skotum á ónafngreinda landa sína sem hann segir að vilji leitast við að halda almúganum í fáfræði til þess að hafa á honum betri stjórn. Beiting slíkra aðferða er að dómi Magnúsar óréttmæt og það séu engin rök fyrir því að ekki megi segja sannleikann að einhver kunnir að misnota hann. Að dylja sannleikann, hversu ómerkilegur sem hann kann að vera, sé stærri synd en að éta hrossakjöt!¹⁵

¹⁴ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 5-16.

¹⁵ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 23-24.

Fram kemur í máli Magnúsar að þau rök hafi verið notuð, gegn því að forboðið við neyslu hrossakjöts yrði aflagt, að hrossaþjófnum muni fjölga verði hrossakjötsát leyft. Þetta telur Magnús staðleysu enda hafi t.d. sauðaþjófnaði ekki orðið vart síðan í harðindunum og gagnstætt spám hafi hórdóms- og frillulífisbrotum ekki fjölgað þó að gefið væri eftir af sektum vegna slíkra brota.¹⁶ Hann staðhæfir því að þessháttar mótbárur séu sprotnar af:

... kærleiksleysi og óskynsamlegri vandlætingu, eður og drottunar girnd, sem vill svifta manneskju saklausu frelsi og halda henni í óþarfri ánaud. Manneskjan er af náttúrunni nógu vond þó ei sé til hennar getið en hún reynist eður henni þyngra ok uppálagt en hún þarf nauðsynlega að bera. ... Það er undarleg og alltof almenn trú að lestir vaxi fyrir það litlar og vægðarsamar hirtingar og álögur séu brúkaðar og að ekkert sé betra meðal við vaxandi löstum en að herða straffið. ... Þar þó reynslan sýnir að of harðar hirtingar hafa ei síður skaðlegar verkanir heldur en of litlar. Í refsingum verður að ganga meðalveginn og altíð leyfa manneskjunnar svo mikið frelsi sem mest má, og altíð að láta þann mannlega frívilja hafa valið.¹⁷

Þó engir ákveðnir menn eða þjóðfélagshópar séu tilteknir má ljóst vera að hér er Magnús að vega að þeim sem hæst stóðu í samfélaginu og gildi þá líklega einu hvort um var að ræða yfirmenn veraldlegra eða andlegra mála. Athyglisvert er líka að hér mælir maður, sem sagður er hafa verið röggsamt og strangt yfirvald,¹⁸ gegn ströngum refsingum sem hann telur ekki skila sér í fækkun afbrota heldur leggur hann áherslu á að frelsi manneskjunnar skuli sitja í fyrirrúmi og það eigi að skerða eins lítið og mögulegt sé.

Magnús bætir um betur í gagnrýni sinni og staðhæfir að færri hefðu dáið í harðindunum (1754-1758) hefði þeim verið sagt að í lagi væri að éta hrossakjöt. Margir þeirra sem þá dóu úr hungri hafi átt hesta sem nýta hefði mátt til fæðu en einfeltni fólksins og almennir hleypidómar hafi komið í veg fyrir það. Með þessum hætti sé almenningi haldið frá sannleikanum og þar með í fáfræði og eynd.¹⁹

Þessi ummæli Magnúsar hafa að líkindum ekki fallið öllum í geð og heldur Hannes Finnsson gagnstæðri skoðun fram í riti sínu, *Mannfækkun af*

¹⁶ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 26.

¹⁷ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 28.

¹⁸ Þorsteinn Þorsteinsson: *Magnús Ketilsson sýslumaður*, Reykjavík 1935, s. 139-141 og 145-148.

¹⁹ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt”, s. 29-30.

hallærum, sem hann skrifaði nokkru eftir að Magnús fjallaði um hrossakjötsmálið. Hannes segir að „hrossæturnar“ hafi verið fyrstar til að deyja er svarf að. Því hafi valdið það óhóf og sóðaskapur er fylgdi hrossaátinu.²⁰

Magnús þreytist ekki á að ítreka að hann sé mótfallinn þarflausu hrossakjötsáti. Rökin fyrir þeirri skoðun sinni kveðst hann sækja í Biblíuna þar sem segi að sá sem syndgi gegn bróður sínum syndgi gegn Kristi.²¹ Þetta kunna að hljóma langsótt rök, en það sem Magnús virðist eiga við er að vegna hinnar almennu hneykslunar sem sé á því að nýta hrossakjöt til fæðu brjóti þeir sem slíkt geri gegn sínum bróður og þar með gegn Kristi. Þessi rökstuðningur verður að teljast nokkuð mótsagnakenndur. Því hafi Magnús raunverulega trúað þessu og viljað vera samkvæmur sjálfum sér þá hefði hann aldrei skrifað þá grein sem hér er um fjallað enda mátti honum vera ljóst að hún bryti líka gegn almenningsálitinu!

Hörð orð og reiður klerkur

Ein af þeim mótsögnum sem fylgdi boðberum upplýsingarinnar var að á sama tíma og þeir boðuðu umburðarlyndi snerust þeir oft harkalega gegn andstæðingum sínum.²²

Í hrossakjötsdeilunni fór lítið fyrir umburðalyndi skoðanaandstæðinga í garð hvers annars og það undirstrikar þau hörðu viðbrögð sem spruttu af skrifum Magnúsar að sama ár og *Hestabit er hagabót* kom út skuli hann gefa út annað rit um skylt efni. *Heiðnir éta hrossakjöt* snýst þó meira, að mínum dómi, um sannleikshugtakið og tjáningar- og ritfrelsi fremur en rétt manna á að nýta hross sér til búsilags án þess að þurfa að þola fyrirlitningu samfélagsins.

Í *Heiðnir éta hrossakjöt* heldur Magnús því fram að enginn hlutur í heiminum hafi átti „lakari lukku“ en sannleikurinn. Hann komi alstaðar við en líði fyrir að sannleikur eins séu ósannindi annars. Þetta, ásamt misnotkun sannleikans, valdi ólukku hans. Magnús álitur sjónarhorn manna móta sannleik þeirra og margir eigi erfitt með að yfirgefa þær hugmyndir og þau viðhorf sem þeir séu aldir upp við. Sama eigi við þá sem aðeins viðurkenni það nýja en hafni öllu gömlu. Báða skorti víðsýni og umburðarlyndi.

Enn virðist Magnús beina spjótum sínum að þeim hæst settu þegar hann hamrar á að aðilar í samfélaginu séu hræddir við að segja almúganum

²⁰ Hannes Finnsson: *Mannfækkun af hallærum*, Jón Eypórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna, Almenna bókafélagið, Reykjavík 1970, s. 100-103 og 107-109.

²¹ Magnús Ketilsson: „Hestabit er hagabót og hrossaslátrið gagnsamlegt“, s. 30.

²² Ingi Sigurðsson: „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi“, s. 9.

sannleikann. Þessum mönnum gangi að líkindum gott til en með því sé sannleikanum sjálfum gerður mikill óleikur því þó að hverjum kunni að sýnast sitt um sannleikann sé samfélaginu skylt að taka vel á móti öllum mótmælum sem sett séu fram í „góðri meining.“

Eins og gefur að skilja er harla erfitt að skilgreina hvað sé „góð meining“ og er líklegt að hver eigi sinn sannleik um það. Af nánari útleggingu Magnúsar á þessum ummælum má þó ráða að skoðun hans sé sú að setji menn mál sitt fram af hófsemi og hæglæti, röksemd og virðingu og sneiði hjá ókurteisi og gífuryrðum eigi þeim að vera fært að segja skoðun sína þó að í kunni að felast mótmæli. En margt af því sem samtímamenn Magnúsar skrifa þykir honum vera óskilmerkilegt smjáður sem sé engum til gagns. Vilji menn hag náunga síns sem mestan verði þeir að leyfa hinum margvíslegustu skoðunum að berast út því enginn geti sagt að hann einn viti sannleikann og öll mótmæli séu röng.²³

Þó að tjáningarfrelsinhugmyndir Magnúsar séu áberandi í *Heiðnir éta hrossakjöt* gleymist hrossakjötsmálið ekki. Magnús heldur enn fram hinu hagnýta gildi þess að nýta hrossaslátrið og spyr: „Hver er sá sem ei verður að meðkenna, að það sé betra að brúka fitu af þeim skepnum, sem Guð hefur gefið mannum til notkunar, til ljósa, heldur en að sitja í myrkrinu?“²⁴ Það er athyglisvert að virða hér fyrir sér notkun Magnúsar á orðunum „ljós“ og „myrkur“ og er varla hægt að álíta það tilviljun hvernig þeim orðum er beitt. Ljósíð er hér látið standa fyrir það góða sem muni hljóttast af skynsamlegri hagnýtingu hlutanna en án hennar muni menn áfram verða að þola kyrrstöðu og myrkur. Með tilliti til upplýsingarstefnunnar er þessi orðanotkun eftirtektarverð á annan hátt, en fylgismenn stefnunnar töldu það hlutverk sitt að leiða fólk út úr myrkri fáfræði og hleypidóma inn í ljós skynsemi og lærdóms.

Sr. Gunnar Pálsson í Hjarðarholti brást reiður við skrifum Magnúsar um hrossaslátur og lét út ganga varúðarbréf gegn þeim. Þetta varúðarbréf felldi Magnús inn í *Heiðnir éta hrossakjöt* og hefur þau orð um að þar sem hann elski sannleikann hafi sér fundist tilhlýðilegt að láta þetta bréf sr. Gunnars fylgja. Magnús gerði reyndar betur og bætti eigin athugasemdum og andsvörum við bréfið neðanmáls.

Varúðarbréf sr. Gunnars er fyllt vandlætingu á skrifum Magnúsar. Ritfrelsi virðist ekki vera að skapi sr. Gunnars og þykir honum „... of mikið leyft að skrifa ...“²⁵ Það eru þó skrif Edaxar, einkum lýsingar hans á matarsíðum ýmissa þjóða, sem fara í taugarnar á sr. Gunnari og telur hann

²³ Magnús Ketilsson: *Heiðnir éta hrossakjöt, Hvenær á að fara að slá?*, Hrapsey 1776, s. 5-8.

²⁴ Magnús Ketilsson: *Heiðnir éta hrossakjöt, Hvenær á að fara að slá?*, s. 3-5.

²⁵ Magnús Ketilsson: *Heiðnir éta hrossakjöt, Hvenær á að fara að slá?*, s. 10.

þær skaðlegar. Á móti þessari skoðun prestsins spyr Magnús neðanmáls hvað það geti skaðað Íslendinga þó þeir sér til fróðleiks og skemmtunar lesi hvað aðrir menn í heiminum hafist að.

Þó að Magnús reyni undir lok *Heiðnir éta hrossakjöt* að sefa reiði sr. Gunnars og bera klæði á vopnin hafa lokaorð Magnúsar í þessari grein varla verið fallin til að lægja öldurnar. Magnús endar á spurningum sem mynda afskaplega viðeigandi endapunkt aftan við þær tvær greinar sem hér hefur verið fjallað um. En hann spyr að lokum:

Hvað lengi skulum vér láta samviskur þeirra, sem ekkert þola að brúkað sé, nema það sem er 300 ára gamalt, og af páfalegum myndugleika helgað og vígt, sitja fyrir gagni voru? Eða hvað lengi á óttinn fyrir vanbrúkun fárra heimskingja eða guðleysingja að halda leyfilegri brúkun nauðsynlegra hluta í æfinlegri útleð, landinu til stórs skaða og peninga tjóns?²⁶

Niðurstöður

Í þeim greinum Magnúsar Ketilssonar sem hér hafa verið gerð skil skína í gegn orðin þrjú sem getið var í upphafi sem einkenni upplýsingar. Orðin – framfarir, skynsemi og frelsi. Með nokkurri einföldun má heimfæra þessi einkenni á skrif Magnúsar á eftirfarandi hátt:

Magnús vill stuðla að efnahagslegum framförum landsins með því að nýta vannýtta auðlind sem landsmenn búi yfir. Hann vill beita skynsemi og rökum til að sýna fram á að ástæða þess að auðlindin sé ekki nýtt séu staðlausir en rötgrónir hleypidómar. Og til að yfirvinna hleypidómana eigi að gefa mönnum frelsi til upplýstrar umræða um gagn sitt og nauðsynjar.

Ég tel að hugmynd Magnúsar með *Hestabit er hagabót* hafi verið að slá á viðkvæman streng hjá löndum sínum til að skapa umræðu. Það að skapa umræðu hafi verið aðalatriðið. Þó að Magnús byrji á að tala um það vandamál sem offjölgun hrossa sé, þá virðist það fremur vera inngangspunktur en aðalatriði. Það styður að mínum dómi þessa röksemd að Magnús skuli ekki gera sér meira mat úr hinum efnahagslega ávinningi sem hann þó telur felast í að nýta hrossaflotið. Sömuleiðis vekur það spurningar hversu lítið rúm hrossakjötsmálið sjálft fær í *Heiðnir éta hrossakjöt* en Magnús eyðir þess í stað miklu þúðri í að yfirvega og ræða sannleikshugtakið og nauðsyn þess að sannleikurinn nái eyrum fólks. Í greinunum má einnig finna ákveðna gagnrýni á stjórn samfélagsins sem

²⁶ Magnús Ketilsson: *Heiðnir éta hrossakjöt, Hvenær á að fara að slá?*, s. 22.

virðist fallin til að brýna forkólfa þess til að sinna því hlutverki að mennta og upplýsa almúgann.

Skrif Magnúsar endurspeglar að mínum dómi viðbrögð manns sem vill fræða og upplýsa almenning og veita honum frelsi til að meðhöndla sannleikann óhindrað. Með því að leyfa hugmyndum að flæða, bæði í orði og á prenti, innan skynsamlegra og siðsamlegra marka, megi beina almenningi inn á upplýstari braut. Þannig verði ýtt undir rökvísi og umræðu sem sé nauðsynleg til að berjast gegn hleypidómum og óhagsýni sem hindri framfarir og haldi hugsun og lífi fólks í kyrrstöðu og fáfræði.